

15043

ICELAND

Regulation No. 228 of May 25, 1990
on Registration of Trade Marks and
Collective Marks Owned by Persons,
Firms or Companies who Carry on Trade
or Business in Certain Foreign Countries.

Auglýsing ¹⁾

um skráningu vörumerkja og gæðamerkja í eigu atvinnurekenda í vissum erlendum ríkjum

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, sbr. 6. gr. laga um almenn gæðamerki, nr. 89 3. maí 1935, hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæði 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, sem skyldar atvinnurekanda til að sanna að hann hafi fengið samsvarandi merki skráð í heimalandi sínu verður ekki beitt gangvart atvinnurekendum í landi sem er aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, eins og hún var eftir endurskoðun þá sem gerð var í London 2. júní 1934 eða sem er aðili að seinni gerð hennar.

2. gr.

Ekki verður þess heldur krafist að félag sanni skráningu á gæðamerki í heimalandi sínu ef félagið hefur aðsetur í landi sem er aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, frá 20. mars 1883, eins og hún var eftir endurskoðun þá sem gerð var í London 2. júní 1934 eða sem er aðili að seinni gerð hennar.

Iðnaðarráðuneytið, 25. maí 1990.

Jón Sigurðsson

Gunnar Guttormsson

¹⁾ Nr. 228/1990 í B-deild Stjórnartíðinda.

WIPO COLLECTION OF LAWS
RECEIVED: June 26, 1992
3-20 Iceland